

# Stefna Borgarbókasafns Reykjavíkur 2015-2020

---

## Lýðræði

---

### Markmið:

Borgarbókasafn eflir lýðræði og jöfnuð.

Borgarbókasafn Reykjavíkur starfar samkvæmt bókasafnalögum nr. 150/2012. Það hefur yfirlýsingu frá UNESCO um almenningsbókasöfn frá 1994, menningarstefnu Reykjavíkurborgar, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og samþykkt um Borgarbókasafn að leiðarljósi í starfi sínu.

Þjónusta safnsins skal ná til allra borgaranna án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmalaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Þannig eflir það lýðræði, jafnrétti, athafnafrelsi og velferð borgaranna

### Leiðir:

- Borgarbókasafn er griðastaður þar sem hver og einn er á sínum forsendum
- Borgarbókasafn er aðgengilegt öllum borgarbúum
- Safnið veitir aðgang að upplýsingum, fræðsluefni og afþreyingu sem hentar öllum aldurshópum
- Áhersla er lögð á skapandi samstarf við ólíka aðila og hópa innan samfélagsins
- Með starfsemi sinni veitir Borgarbókasafn almenningi tækifæri til þess að taka þátt, læra og þroskast
- Safnið stendur fyrir kynningum og opnum fundum um málefni sem brenna á í þjóðfélaginu hverju sinni
- Starfsemi safnsins einkennist af fjölbreytni, víðsýni, samkennd og virðingu

## Menning

---

### Markmið:

Borgarbókasafn er miðstöð mannlífs og menningar.

Borgarbókasafn Reykjavíkur er menningarstofnun í víðustu merkingu þess orðs. Þar mætast ólíkir hópar sem gefa raunsanna mynd af hinni margvíslegu menningu samfélagsins. Það ýtir undir skapandi hugsun, frumkvæði og auðgar líf borgaranna. Menningarstarf einkennist af metnaði, fjölbreytni, samvinnu og virkri þátttöku gesta. Lögð er áhersla á barnamenningu, fjölmenningu og alþýðumenningu í starfi safnsins.

Leiðir:

- Borgarbókasafn er menningarmiðja í hverju hverfi fyrir sig
- Borgarbókasafn er mikilvægur hluti af daglegu lífi íbúa jafnt sem gesta borgarinnar
- Borgarbókasafn er vettvangur skapandi tjáningar
- Boðið er upp á fjölbreytta fræðslu og viðburði fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur og leitað eftir þátttöku þeirra í starfseminni
- Menning birtist í fjölbreyttum og viðamiklum safnkosti þar sem allt litróf menningar nýtur sín
- Borgarbókasafn býður upp á sveigjanlegt og hlutlaust rými þar sem bæði starfsmenn og gestir miðla upplýsingum og menningu á fjölbreyttan hátt
- Bókmenntavefurinn kynnir íslenska samtímarithöfunda á íslensku og ensku og birtir umfjöllun um nýjar bækur
- Borgarbókasafn hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samstarfi við Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

## Menntun

---

### Markmið:

Borgarbókasafn er vettvangur barna, ungmenna og fullorðinna til að uppgötva og rannsaka heiminn og þróa þannig hæfileika sína og tækifæri.

Menntun, líkt og menning, er liður í þroska og þróun hvers einstaklings, óháð því hvernig hennar er aflað. Með góðu aðgengi að fjölbreyttum safnkosti og upplýsingum hafa íbúar tækifæri til að læra, styrkjast og auka færni sína í gegnum reynslu og upplifun.

Leiðir:

- Borgarbókasafn veitir aðgang að upplýsingum og þekkingu
- Áhersla er lögð á að örva læsi í víðtækum skilningi þess orðs m.a. með safnkosti, viðburðum, fræðslu og samstarfi við ólíka hópa
- Ýtt er undir bókmenntaáhuga og lestraránægju almennings með aðgengilegum safnkosti, nýstárlegri framsetningu lesefnis og viðburðum sem tengjast bókmenntum

- Lestrarhvetjandi verkefni og dagskrár fyrir börn og unglunga eru mikilvægur hluti af starfsemi safnsins
- Borgarbókasafn býður upp á safnfræðslu skólanema og er í góðum tengslum við menntastofnanir í Reykjavík. Litróf lærdómsrýmisins spannar allt frá því að veita aðgang að safn- og tækjakosti og aðstöðu til heimanáms til þess að bjóða upp á skipulagða dagskrá svo sem námskeið og fyrirlestra.
- Safnkosturinn endurspeglar þarfir og óskir notenda hverju sinni og er þeim innblástur í starfi og leik.

## Uppspretta

### Markmið:

Borgarbókasafn er vettvangur hugmynda, sköpunar og upplifunar.

Einstaklingar og hópar hafa tækifæri til að örva andann og sköpunarkraftinn, hvort sem það er í gegnum samskipti við aðra, þátttöku, menningu og listir.

Leiðir:

- Metnaður og fagmennska býr gestum skapandi umhverfi og jákvæða upplifun
- Fjölbreyttir menningarviðburðir fyrir ólíka hópa eru fastur liður í starfsemi safnsins
- Fræðsla og miðlun sem eflir hugarflug og sköpun eru í boði fyrir börn, unglunga og fullorðna
- Safnkosturinn og miðlun hans er í takt við tímann og er uppspretta þekkingar og afþreyingar
- Lögð áhersla á umhverfi sem styður við skapandi barna- og unglingastarf
- Söfnin eru aðlaðandi og upplifun í sjálfu sér
- Borgarbókasafn á í samstarfi við ólíka aðila innanlands sem utan
- Á safninu mætast fjölbreyttir hópar sem veita innblástur og upplifun

## Fyrirmynd

### Markmið

Borgarbókasafn Reykjavíkur er upplýsinga- og menningarmiðstöð sem gegnir forystuhlutverki meðal almenningsbókasafna landsins og sækir fyrirmynd sína til fremstu safna heims.

Sem stærsta almenningsbókasafn landsins og höfuðborgarsafn gegnir Borgarbókasafnið ákveðnu hlutverki meðal almenningsbókasafna. Borgarbókasafn leggur metnað sinn í að vera í stöðugri þróun og fylgist því vel með og horfir til safna víða um heim í leit að hugmyndum og nýjungum. Á sama tíma

leitast safnið við, í samstarfi og samtali við önnur almenningssöfn í landinu, að vera þeim stuðningur og veita þeim innblástur.

Leiðir:

- Ánægt, vel menntað, fordómalaust og hæfileikaríkt starfsfólk tryggir faglega þjónustu
- Búnaður, tæki og safnkostur Borgarbókasafns eru í takt við tímann og nýtast jafnt gestum sem starfsfólki safnsins
- Starfsemi safnsins og þjónusta, safnkostur, viðburðir og starfsmenn endurspeglar samfélagið á hverjum tíma Metnaður er lagður í að fylgja tækniframförum vel eftir og að nýta sér margvíslega miðla í starfsemi safnsins
- Borgarbókasafn er grænt safn og fylgir eftir grænum skrefum Reykjavíkurborgar